

Fundargerð 34. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 24. febrúar 2017, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Ásgeir Eiríksson, Magnea Guðmundsdóttir, Berglind Kristinsdóttir, Þuríður H. Aradóttir og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri).

1. Breyting á fulltrúa Grindavíkurbæjar í stjórn

Grindavíkurbær hefur tilnefnt Fannar Jónasson í stjórn í stað Róberts Ragnarssonar.

2. Stjórn skiptir með sér verkum

Kjartan Már Kjartansson kosinn formaður stjórnar og Magnús Stefánsson varaformaður.

3. DMP Reykjanes

Stjórn samþykkir að vinna eina DMP áætlun (stefnumótandi stjórnunaráætlun áfangastaðar) fyrir sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum. Hekluinni, Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes verður falin verkefnastjórn. Lögð verður fram tíma- og verkáætlun á næsta fundi stjórnar auk þess sem þar verður lögð fram tillaga að vinnuhópi.

4. Bifreiðatalningar á Reykjanesi

Lagðar fram nýjar tölur um fjölda gesta við Reykjanesvita/Gunnhver og Garðskagavita. Á tímabilinu júní-desember komu tæplega 87 þúsund gestir að Reykjanesvita/Gunnhver að sunnanverðu. Á tímabilinu júní-október komu um 168 þúsund gestir á Garðskaga.

5. Deiliskipulag Reykjanesvita og nágrennis

Lögð fram skipulagslýsing vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi við Reykjanesvita.

6. Brú milli heimsálfa

Rætt um þjónustu við Brú milli heimsálfa.

7. Samningur við fyrirtæki

Lögð fram drög að samningi við fyrirtæki um leyfi til notkunar á merki Reykjanes Geopark. Stjórnin heimilar verkefnastjóra að gera samninga við fyrirtæki sem hafa áhuga á að nota merki Reykjanes Geopark í markaðssetningu.

8. Samstarf um gönguferð

Grindavíkurbær og Bláa Lónið hafa undanfarin ár skipulagt gönguferð á annan í páskum. Reykjanes Geopark stendur til boða að gönguferðin í ár verði undir merkjum Reykjanes Geopark. Stjórnin þiggur gott boð og felur verkefnastjóra að vinna að málinu.

9. Vetrarfundur ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2017

Rætt um Vetrarfund Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes sem að fram fór 16. febrúar sl.

10. Norrænn fundur UNESCO Global Geoparka

14. febrúar sl. fór fram fundur Norrænna UNESCO Global Geoparka á Reykjanesi. Fundurinn tókst vel og er mikill vilji til þess að auka samstarfið, m.a. í menntamálum, markaðssetningu sem og innan EGN/GGN.

11. Styrkur til erlends samstarfs á árinu 2017

Reykjanes Geopark hefur fengið styrk að upphæð 160.000 kr. frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til erlends samstarfs á árinu 2017. Ráðuneytið styrkti einnig Samráðsvettvang íslenskra jarðvanga um 550.000 kr. til útgáfu á íslenskri þýðingu kynningarbæklings sem UNESCO gaf út á síðasta ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35.

Fundargerð ritaði: ESJ